



**103. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar
fimmtudaginn 8. maí 2014, kl. 16:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv.
undirskriftum.**

Dagskrá:

1. Aðalfundur Tækifæris
 2. Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf.
 3. Brimslóð 8
 4. Sumaropnun Íþróttamiðstöðvar
 5. Ársreikningur Félagsheimilisins á Blönduósi ehf.
 6. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Aðalfundur Tækifæris

Aðalfundur Tækifæris hf. verður haldinn miðvikudaginn 14. maí n.k. að 3. hæð Strandgötu 3, Akureyri.

Lagt fram til kynningar.

2. Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf.

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. verður haldinn þriðjudaginn 13. maí n.k.

Lagt fram til kynningar.

3. Brimslóð 8

Fyrir fundinum liggur bréf frá Sigurði A. Þóroddssyni hrl. vegna Brimslóðar 8. Árið 2003 eignaðist Finnbogí Erlendsson Brimslóð 8. Þinglýst stærð lóðar við Brimslóð 8 er 2230 fm. samkvæmt lóðarsamningi frá árinu 1932. Árið 1964 afsalar Snorri Arnfinnsson þáverandi eigandi Brimslóðar til Blönduósarbæjar hluta lóðar eða 1080 fm. Frá 1964 var lóðin sem afsalið byggir á ávallt skráð í fasteignamati sem eign Blönduósarbæjar þ.e. 1080 fm. en eigi þinglýst. Um síðustu aldamót var áttak á vegum sýslumannsembættta á landinu að samræma skráningu í fasteignamati og þinglýsingu. Árið 2001 er skráning Brimslóðar 8 í fasteignamati og þinglýsingu samræmd af hálfu



Sýslumannsembættisins á Blönduósi og lóðin færð til samræmis við þinglýsta stærð án vitundar eða atbeina Blönduósarbæjar.

Farið er fram á að lóðin nr. 8 við Brimslóð verði afmörkuð og hnitsett í samræmi við þinglýstan samning frá 1932. Óskað er eftir að girða lóðina í samræmi við lóðarsamninginn frá 1932.

Bæjarráð lýsir sig reiðubúið að ná sáttum í þessu máli. Ljóst er að um réttarágreiningu er að ræða. Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga til samninga við lögmann lóðarhafa í samræmi við tillögu bæjarráðs.

4. Sumaropnun Íþróttamiðstöðvar

Bæjarstjóri kynnti tillögur forstöðumanns að sumaropnun Íþróttamiðstöðvar árið 2014.

Bæjarráð samþykkir tillögurnar.

5. Ársreikningur Félagsheimilisins á Blönduósi ehf.

Bæjarstjóri kynnti ársreikning Félagsheimilisins á Blönduósi ehf. Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2013 að fjárhæð 2.727 þús. kr. Bókfært eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 42.355 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutfé félagsins nam í árslok 40.600 þús. kr. sem er óbreytt frá fyrra ári.

Bæjarráð samþykkir ársreikninginn.

6. Önnur mál

Rætt var um atvinnumál

Fundi slitið 18:40

Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)
Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign)